

Ár 2015, fimmtudaginn 17. september kl. 7:30 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Fjárlaganefnd Alþingis frá 10. september 2015.**
Í bréfinu eru kynntir fundir fjárlaganefndar Alþingis með sveitarstjórnnum haustið 2014.
Bæjarstjóra falið að óska eftir tíma með nefndinni.
- 1.2. **Forsætisráðuneytinu frá 3. september 2015.**
Í bréfinu er boðað til fundar vegna ný samþykktra laga um verndarsvæði í byggð.
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 8. september 2015.**
Í bréfinu er boðað á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2015 sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica 23. september næstkomandi.
Bæjarstjóri mun sitja fundinn fyrir hönd Hveragerðisbæjar.
- 1.4. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 14. september 2015.**
Bréfið er minnisblað vegna vinnslu fjárhagsáætlana vegna ára 2016-2019.
Lagt fram til kynningar.
- 1.5. **Arctic Circle frá 10. september 2015.**
Í bréfinu er bæjarstjórn boðið að sækja alþjóðaþing Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle sem verður haldið í Hörpu 16.-18. október.
Lagt fram til kynningar.
- 1.6. **Sunnlenska skóladeginum 2016 frá 2. september 2015.**
Í bréfinu er kynntur undirbúningur fyrir skóladaginn 2016.
Lagt fram til kynningar.

1.7. Félagi eldri borgara í Hveragerði frá 2. september 2015.

Í bréfinu er tilkynnt um varamenn í Öldungaráði sem stjórn Félags eldri borgara í Hveragerði hefur tilnefnd.

Þeir eru Helgi Kristmundsson, Guðmundur Karl Þorbjörnsson og Björk Pétursdóttir.

Lagt fram til kynningar en bæjarstjórn mun skipa varamenn sína á næsta fundi.

1.8. Skipulags- og byggingarfulltrúa Ölfuss frá 2. september 2015.

Í bréfinu óskar skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfuss eftir aðgengi að gámostöð / móttökustöð Hveragerðisbæjar fyrir íbúa í dreifbýli Ölfus.

Bæjarráð telur rétt að skoða reynsluna af núverandi miðafyrirkomulagi og jafnframt að fara yfir gjaldskrár gámasvæðisins með það að markmiði að innheimtar greiðslur endurspegli betur þann kostnað sem af gámasvæðinu hlýst. Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.

1.9. Sveitarfélaginu Ölfuss frá 9. september 2015.

Í bréfinu er rætt um uppbyggingu á Ölfusrétt við mynni Reykjadals og gerð grein fyrir staðarvali réttarinnar, aðkomu og umferð að henni.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Á fundi bæjarráðs Hveragerðis þann 3. september sl. þar sem grenndarkynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjadal í Ölfusi var rædd, var óskað eftir rökstuðningi sveitarstjórnar Ölfuss á því að umrædd breyting á deiliskipulagi væri óveruleg og eftir niðurstöðu valkostagreiningarinnar á þremur valkostum á staðsetningu réttarinnar.

Að mati bæjarráðs eru í bréfinu hvorki færð nægjanleg rök fyrir fyrirhugaðri staðsetningu réttarinnar né er þar að finna faglega greiningu á þeim valkostum sem lágu fyrir. Bæjarráð getur því enn ekki tekið afstöðu til málsins og leggur því til við bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfus að gera að svo stöddu ekki breytingar á deiliskipulagi Reykjadals heldur hefja viðræður við Hveragerðisbæ um þá valkosti sem eru í stöðunni.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Þjónustusamningur um akstur skólabara í Hamarshöll.

Lagður fram þjónustusamningur við Landferðir um akstur skólabarna frá Skólaseili/ íþróttahúsi til Hamarshallar.

Samningurinn samþykktur.

2.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra vegna hugsanlegra kaupa á landi Fagrahvamms.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 15. september vegna hugsanlegra kaupa á landi Fagrahvamms.

Bæjarráð samþykkir að falla frá hugmyndum um kaup á landi Fagrahvamms.

2.3. **Rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar.**

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit Hveragerðisbæjar fyrir janúar til ágúst 2015.

Bæjarráð samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun vegna endurskoðunar á starfsmati sem hér segir.

02-43 Heimilishjálp	239.000
02-52 Heimilið Birkimörk	2.978.000
04-11 Leikskólinn Undraland	1.739.000
04-12 Leikskólinn Óskaland	3.034.000
04-24 Grunnskólinn	3.669.000
04-31 Skólasel	632.000
05-21 Bókasafn	535.000
06-31 Félagsmiðstöð	156.000
06-51 Íþróttahús	363.000
06-55 Sundlaug	518.000
06-56 Hamarshöll	2.024.000
11-23 Hverasvæði	161.000
13-62 Upplýsingamiðstöð	453.000
21-40 Bæjarskrifstofa	625.000
33-11 Áhaldahús	874.000
Alls	18.000.000

Fjárhæðin takist af lið 21-01-9970 Til síðari ráðst v/ kjarasamninga kr 15.000.000- og af lið 21-01-9980 Til síðari ráðst v/ starfsm kr 3.000.000.-

3. **Fundagerðir til kynningar:**

- 3.1. **Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga frá 4. september 2015.**
- 3.2. **Tónlistarskóla Árnesinga frá 1. september 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:18

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)